

**419. fundur félagsmálanefndar**  
**haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 12. september**  
**2017 og hófst hann kl. 16:00.**

**Fundinn sátu:**

Gunnhildur Björk Elíasdóttir formaður, Magnús Þór Bjarnason varaformaður, Hildur Elísabet Pétursdóttir aðalmaður og Steinþór Bragason aðalmaður.

**Embættismenn:**

Sædís María Jónatansdóttir, deildarstjóri félagsþjónustu, Margrét Geirsdóttir, sviðsstjóri fjölskyldusviðs, Anna Valgerður Einarsdóttir, deildarstjóri barnaverndar, Dagný Sif Snæbjarnardóttir, ráðgjafi á fjölskyldusviði og Alberta Gullveig Guðbjartsdóttir, ráðgjafi á fjölskyldusviði.

**Fundargerð ritaði:** Sædís María Jónatansdóttir, deildarstjóri í félagsþjónustu.

Guðjón M. Þorsteinsson boðaði forföll og enginn mætti í hans stað. Sólveig Guðnadóttir mætti ekki og enginn í hennar stað.

**Dagskrá:**

**1. Trúnaðarmál. - 2011090094**

*Þrjú trúnaðarmál kynnt í félagsmálanefnd.*

**2. Námskeið fyrir eldri borgara. - 2017060043**

Lagt fram minnisblað frá Sædísí Maríu Jónatansdóttur dags. 11. september sl. vegna námskeiða fyrir eldri borgara. Minnisblaðið var unnið að beiðni félagsmálanefndar vegna erindis frá Fræðslumiðstöð Vestfjarða og tillögu öldungaráðs sem lögð var fyrir félagsmálanefnd á síðasta fundi.

*Félagsmálanefnd tekur vel í erindi Fræðslumiðstöðvar og tillögu öldungaráðs og leggur til við bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar að hún samþykki að leitað verði leiða til að styrkja tekjulága aldraða einstaklinga til þátttöku í námskeiðum innan sveitarfélagsins.*

**3. Landsfundur jafnréttismála 2017 - 2017080001**

Lagt fram boð á landsfund jafnréttismála 2017, ásamt dagskrá fundarins.

*Magnús Þór Bjarnason verður fulltrúi Ísafjarðarbæjar á fundinum.*

**4. Fjölsmiðjan - launamál - 2017090041**

Lagt fram erindi frá Hörpu Guðmundsdóttur, forstöðumanni Vesturafls, dags. 9. júní 2017, sem varðar laun starfsmanna í Fjölsmiðjunni. Einnig lagt fram dæmi um launaútreikning.

*Félagsmálanefnd felur starfsmönnum fjölskyldusviðs að gera drög að þjónustusamningi við Fjölsmiðjuna á Ísafirði vegna þjónustu við einstaklinga sem*

*þurfa á úrræði á vegum Fjölsmiðju að halda og fullreynt er að eigi ekki rétt á annarri framfærslu.*

**5. Fjárhagsáætlun 2018 - 2017020049**

Margrét Geirsdóttir, sviðsstjóri fjölskyldusviðs, sagði frá vinnu við fjárhagsáætlun fyrir fjölskyldusvið Ísafjarðarbæjar.

*Félagsmálanefnd mun halda sérstakan fund þegar drög að fjárhagsáætlun liggja fyrir.*

**6. Framtíðarþing um farsæla öldrun 2016. - 2016100066**

Lögð fram til kynningar auglýsing um málþing um farsæla öldrun sem haldið verður á vegum öldrunarráðs þann 12. september n.k. í samstarfi við Ísafjarðarbæ, Bolungarvík, Súðavík og Landssamband eldri borgara.

*Lagt fram til kynningar.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 17:25**

---

Gunnhildur Björk Elíasdóttir

---

Magnús Þór Bjarnason

---

Hildur Elísabet Pétursdóttir

---

Steinþór Bragason

---

Sædis María Jónatansdóttir

---

Margrét Geirsdóttir

---

Anna Valgerður Einarsdóttir

---

Dagný Sif Snæbjarnardóttir

---

Alberta Gullveig  
Guðbjartsdóttir